

## Fundargerð

190. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 8. mars 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borinn borin upp, samþykkt og undirrituð.

#### 2. Ársreikningur 2016.

Ársreikningur var kynntur, borin upp og samþykktur. Rekstur ársins 2016 var í góðu jafnvægi. Skýrt var frá villu í greiðsluáætlun ársins 2016 sem hefur verið leiðrétt. Villan fólst í því að greiðsluáætlun hafði ekki verið uppfærð í takt við uppfærslu á launalið fjárhagsáætlunar í kjölfar kjarasamninga árið 2016.

#### 3. Fráveitumál í Mývatnssveit; eftirfylgni fyrri bókana í heilbrigðisnefnd.

Að lokinni kynningu og umræðum var eftirfarandi bókað:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra vekur athygli á bókun nefndarinnar dags. 7. maí 2014, þar sem farið er fram á að sveitarstjórn Skútustaðahrepps skipuleggi og hrindi í framkvæmd úrbótum í fráveitumálum, gagngert í þeim tilgangi að draga úr álagi í Mývatni og Laxá af völdum köfnunarefnissambanda og fosfórs. Einnig er vísað til bókunar heilbrigðisnefndar frá 11. maí 2016 þar sem m.a. er mælt til þess að ríkisstjórn Íslands veiti Skútustaðahreppi fjárhagslegan stuðning vegna kostnaðar við hönnun, byggingu og rekstur á hreinsivirkjum fyrir skólp í Skútustaðahreppi.

Vísað er til ákvæða reglugerðar nr. 665/2012, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, þess efnis að skólp á vatnasviði Mývatns og Laxár skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Heilbrigðisnefnd mun senda bréf til rekstraraðila stærri fyrirtækja í Skútustaðahreppi, sem eru háð starfsleyfi nefndarinnar og eru á vatnasvæði Mývatns og Laxár, þar sem gerð er krafa um að fyrirtækin verði sem fyrst tengd fráveitu; sem er búin hreinsivirki sem fullnægir kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Jafnframt eru sömu kröfur til sveitarstjórnar um úrbætur á almenningsveitum í þéttbýlinu við Reykjahlíð og Skútustaði og víðar ítrekaðar.

Ef fyrirtækin hafa ekki tök á að tengjast fráveitu sem fullnægir fyrrnefndri kröfu, þá er þeim heimilt að nota lokað fráveitukerfi sem byggir á reglubundinni tæmingu og flutningi seyru og skólps af vatnasvæði Mývatns og Laxár til meðhöndlunar á viðurkenndum móttökustað fyrir slíkan úrgang.

Gerð verður krafa um að rekstraraðilar stærri fyrirtækja í Skútustaðahreppi og sveitarstjórn Skútustaðahrepps skili inn til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands

eystra tímasettri áætlun um úrbætur í fráveitumálum ekki seinna en 17. júní 2017.

Ef ekki verður brugðist við kröfu heilbrigðisnefndar mun nefndin beita þeim þvingunarúrræðum sem nefndinni er heimilt að nota skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

#### **4. Skólphreinsistöð Norðurorku á Akureyri; álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvætt álit Skipulagsstofnunar.

#### **5. Niðurstöður örverurannsóknna úr matvælum; m.a. vegna meintrar matareitrunar eftir neyslu á kjúklingasúpu og frávik við rannsókn á sætabrauði.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi og María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynntu örverumælingar í tengslum við matareitrun í mötuneyti og frávik sem komu fram við rannsóknir á sætabrauði. Jafnframt var skýrt frá nýlegum gerlamælingum í sjó við Akureyri.

#### **Umsagnir:**

##### **1. Umsögn um matsskyldu vegna sjógönguseiðastöðvar við Þorvaldsdalsárós.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem fram kemur það álit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra að sjógönguseiðastöð við Þorvaldsdalsárós skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Valeska ehf., kt. 411009-0680, Ránarbraut 4, 620 Dalvík. Fiskvinnsla. Umsókn um starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Guðný Rún Rúnarsdóttir kt. 060281-3279, Huldugili 11, 603 Akureyri, fyrir snyrtistofuna Yrmu Kaupangi. **Samþykkt.**
3. Sveinlaug Friðriksdóttir kt. 201278-5699, Höfðagata 11, 610 Grenivík, fyrir hársnyrtistofuna Löllulokka, Höfðagötu 11, 610 Grenivík. **Samþykkt.**
4. Gísli Rúnar Gylfason íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, sækir um fyrir hönd Dalvíkurbyggðar kt. 620598-2089, Ráðhúsi, 620 Dalvík, um tímabundið starfsleyfi fyrir sundskála Svarfdæla á meðan á viðhaldi og viðgerðum stendur í sundlaug Dalvíkur. Áætluð opnun sundskálans er frá mars til júliloka. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

5. Kristinn Pétursson, kt. 120352-7419, Stóragerði 30, 108 Reykjavík. Gististaður fl ll. **Samþykkt.**
6. Sigurður Þór Guðmundsson, kt, 241177-3869, Holti 681 Þórshöfn. Gisting í tveimur húsum á jörðinni. **Samþykkt.**
7. Mónakó sf kt. 571085-1869 685 Bakkafjörður. Starfsleyfisumsókn vegna brennsluofns til að kynda upp gróðurhús. **Samþykkt. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að gera kröfur um mengunarvarnabúnað á brennsluofninn ef útblástur frá ofninum veldur vandkvæðum.**
8. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630. Gististaður án veitinga að Eyrarvegi 2, 680 Þórshöfn. Endurnýjun. **Samþykkt.**
9. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630. Gististaður með veitingum að Langanesvegi 12, 680 Þórshöfn. Endurnýjun. **Samþykkt.**
10. Líney Helgadóttir, kt. 220649-3509, Bakkasíðu 10, 603 Akureyri. Gististaður án veitinga að Víkurbraut 20, 675 Raufarhöfn. **Samþykkt.**
11. Gylfi Hrafnkell Yngvason, kt.180956-4339. Viðbót við gistileyfi. Litla Rósa, stúdíóíbúð á neðstuhæð Skútustaðir 2a. **Samþykkt.**
12. Mublur ehf. kt. 451113-0620, Urðargili 9, 603, Akureyri. Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar að Laxalundi, 641 Húsavík. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
13. Ragnheiður Hulda Þórðardóttir kt. 240472-3179, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Bjarkarstíg 1, Akureyri. **Samþykkt.**
14. Ingvi Stefánsson, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á gamla íbúðarhúsinu að Teigi í Eyjafjarðarsveit. **Samþykkt.**

#### **Önnur mál:**

Jón Torfi Halldórsson heilsugæslulæknir skýrði frá fundi á Akureyri þar sem kynnt var sóttvarnaáætlun fyrir hafnir; áætlunin hefur tekið gildi og er aðgengileg á vef landlæknis og ríkislögreglustjóra.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45.

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Þórarinn Þórisson

---

Þorkell Björnsson

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Pórey Agnarsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

María Markúsdóttir

---

Jón Torfi Halldórsson

